



1. útgáfa / 26.11.2014

Öryggisblað (SDS)

skv. reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)

1. AUÐKENNING EFNISINS EÐA EFNABLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS EÐA FYRIRTÆKISINS

1.1 Vörukenni

Vöruheiti: **SUDAN DK-GP100X**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá

Notkunarsvið: Litarefni fyrir dísilolíu

1.3 Upplýsingar um þann aðila sem er ábyrgur fyrir öryggisblaðinu eða afhendingu þess

Söluaðili: Atlantsólía ehf
Lónsbraut 2
220 Hafnarfjörður

Sími: 591 3100
Bréfsími: 591 3101
Netfang: atlantsolia@atlantsolia.is
Veffang: www.atlantsolia.is

1.4 Neyðarsímanúmer

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni.
Sími. 543 2222. Símanúmer neyðarlínunnar er 112.

2. HÆTTUGREINING

2.1 Flokkun efnis eða efnablöndu

Hættugreining byggð á flokkun skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum:

Fx, afar eldfimt
Xn, hættulegt heilsu
N, hættulegt umhverfinu

H40: Getur hugsanlega valdið krabbameini.
H43: Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð.
H51/53: Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
H65: Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.
H66: Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
H67: Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Hættugreining byggð á flokkun skv. reglugerð nr. 866/2012:

H304: Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg.
H317: Getur framkallað ofnæmisviðbrögð í húð.
H336: Getur valdið sljóleika eða svima.
H351: Grunað um að valda krabbameini.
H411: Eitrað lífi í vatni með langvinnum áhrifum.
EUH 066: Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

2.2 Merkingaratriði

Merking skv. reglugerð nr. 866/2012:

Hættumerki: GHS07, GHS08, GHS09



Viðvörðunarorð: Hætta.

Hættusetningar:

H304	Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg.
H317	Getur framkallað ofnæmisviðbrögð í húð.
H336	Getur valdið sljóleika eða svima.
H351	Grunað um að valda krabbameini.
H411	Eitrað lífi í vatni með langvinnum áhrifum.
EUH 066	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

Varnaðarsetningar:

V201	Aflið sérstakra leiðbeininga fyrir notkun.
V273	Forðist losun út í umhverfið.
V281	Notið tilskildar persónuhlífar.
V302+V352	BERIST EFNID Á HÚÐ: Þvoið með mikilli sápu og vatni.
V308+V313	EF um váhrif eða hugsanleg váhrif er að ræða: Leitið lækni.
V391	Safnið upp því sem hellist niður.
V405	Geymist á læstum stað.
V501	Fargið innihaldi/íláti hjá spilliefnamóttöku.

2.3 Aðrar hættur

Blandan inniheldur engin efni sem gætu verið þrávirk, eitruð né safnast upp í lífverum (PBT/vPvB).

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Efnablöndur

Innihald skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum:

Innihaldsefni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Flokkur	Merki	H-setningar	Styrkur
Vetniskolefni, C10, arómatískt, >1% naftalen	-	919-284-0	Carc.3	Xn,N	40-51/53-65-66-67	
Vetniskolefni, C10-C13, arómatískt, >1% naftalen	-	926-273-4	Carc.3	Xn,N	51/53-40-65-66	~85%
C.I. Solvent Blue 79	90170-70-0	290-505-4	-	-	-	~9%
C.I. Solvent Yellow 124	34432-92-3	252-021-1	-	Xn	22-48/22-43	~7%
Naftalen	91-20-3	202-049-5	Carc.3	Xn,N	22-40-50/53	<10%

Innihald skv. reglugerð nr. 866/2012:

Innihaldsefni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Hættuflokkur	H-setningar	Styrkur
Vetniskolefni, C10, arómatískt, >1% naftalen	-	919-284-0	Eit. v. ásvlg. 1 SEM-VES 3 Krabb. 2 Langv. eit. á vatn. 2	H304 H336 H351 H411	~85%
Vetniskolefni, C10-C13, arómatískt, >1% naftalen	-	926-273-4	Eit. v. ásvlg. 1 Krabb. 2 Langv. eit. á vatn. 2	H304 H351 H411	
C.I. Solvent Blue 79	90170-70-0	290-505-4	-	-	~9%
C.I. Solvent Yellow 124	34432-92-3	252-021-1	SEM-EV 2 Bráð eit. 4 Húðnæm. 1B Langv. eit. á vatn. 4	H373 H302 H317 H413	~7%
Naftalen	91-20-3	202-049-5	Krabb. 2 Bráð eit. 4 Langv. eit. á vatn. 1	H351 H302 H410	<10%

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.

Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLP

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Almennt:

Öryggisblað skal ætíð vera tiltækt á vinnustað.

Ef grunur um heilsutjón eða krankleika vaknar leitið þá strax lækni.

Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf.

Sé sá slasaði meðvitundarlaus; leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax lækni.

Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk!

Hafið í huga að hættulegt getur verið að veita blástursaðferð ef efnið er eitrað, hættulegt við inntöku eða ætandi.

Sýnið lækni öryggisblað.

Innöndun:

Færið þann slasaða í ferskt loft.

Leitið strax lækni verði vart ertingar í öndunarfærum, svima, ógleði eða alvarlegri einkenna.

Snerting við augu:

Fjarlægjið linsur ef við á. Skolið strax með miklu af vatni í a.m.k 15 mín. og haldið auganu vel opnu á meðan.

Leitið strax lækni.

Snerting við húð:

Þvoið strax vel með miklu vatni og sápu. Fjarlægjið allan fatnað sem komist hefur í snertingu við efnið.

Leitið lækni verði ertingar vart (t.d. roða í húð).

Þvoið fatnað áður en hann er notaður aftur. Henda skal menguðum leðurskóm og fatnaði.

Inntaka:

Framkallið ekki uppköst.

Leitið umsvifalaust lækni.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Höfuðverkur, svimi, syfja, ógleði og önnur miðtaugakerfiseinkenni.

4.3 Upplýsingar um tafarlaus lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á

Uppköst í kjölfar inntöku geta leitt til þess að efnið berist í lungu og þannig kemískrar lungnabólgu.

Viðeigandi meðferð.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIADGERÐA

5.1 Slökkvibúnaður

Viðeigandi slökkviefni:

Vatnsúði, alkóhólpólin froða, slökkviduft eða kolsýra.

Slökkviefni sem af öryggisástæðum má ekki nota:

Kraft- og/eða rúmmálmikil vatnsbuna.

5.2 Sérstakar hættu af völdum efnisins eða efnablöndunnar

Sérstakar hættur við bruna:

Við bruna myndast þykkur svartur reykur, gufur, CO og CO₂.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Haldið fólki fjarri og komið þeim á öruggan stað.

Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað.

Slökkviliðsmenn sem eiga á hættu að anda að sér reyk eða lofttegundum frá brunanum skulu nota ferskloftsgrímu (SCBA).

Fjarlægjið umbúðir af eldstað sé slíkt mögulegt, ef ekki, kælið með vatnsúða.

Gætið þess að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll eða grunnvatn.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

Starfsfólk sem ekki vinnur við neyðarþjónustu:

Við leka skal gera viðkomandi yfirvöldum grein fyrir því.

Forðist snertingu við efnið.

Sjá 5. lið fyrir upplýsingar um viðbrögð við eldsvoða.

Notið viðeigandi hlífðarfatnað. Sjá 8. lið.

Fyrir bráðaliða:

Mælt er með notkun efnapólins og afrafmagnandi hlífðarfatnaðar.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Stöðvið útbreiðslu efnis sem lekið hefur niður, sé það hættulaust.
Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, sjó/vatn, grunnvatn eða jarðveg.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Fjarlægjið alla íkveikjuvalda.
Hreinsið upp með óbrennanlegu ísogsefni, s.s. mold, sandi, kísilgúr eða sambærilegu efni.
Mokið/dælið upp og komið fyrir í merktu ílát. Fargið eins og fram kemur í 13. lið.
Við stærri leka skal fleyta eða dæla efninu með sprengiheldum búnaði (ATEX).

6.4 Tilvísun í aðra liði

Sjá lið 6.1.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Ábendingar um örugga meðhöndlun:

Forðist innöndun gufu/úða. Tryggið góða loftræstingu.
Við hitun geta myndast eitruðar og ertandi gufur.
Notið háa efnapolna hlífðarhanska og hlífðargeraugu sé hættu að efnið slettist.
Forðist langvarandi snertingu við húð.
Komið í veg fyrir litla leka til að fyrirbyggja hálkuhættu.
Efnið getur myndað og viðhaldið stöðuraframagn og valdið rafneista.
Rafneisti getur kveikt í eldfimum gufum sem geta myndast þegar efnið er meðhöndlað í miklu magni.
Tryggið góða jarðbindingu. En jarðbinding er engin trygging fyrir því að efni viðhaldi ekki stöðuraframagn.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika

Kröfur um geymslusvæði og gáma:

Geymið á þurrum, svölum og vel loftræstum stað.
Geymið í vel lokuðum og rétt merktum umbúðum.

Aðrar upplýsingar:

Við geymslu á miklu magni af efninu skal tryggja að umbúðir og rafmagnsbúnaður sé jarðtengdur.
Fyrirbyggjið eftir aðstæðum myndun stöðuraframagns.
Notið umbúðir/ílát úr svörtu stáli, ryðfríu stáli, pólýester, teflon eða PVA.
Ekki skal nota umbúðir/ílát úr gúmmí, EPDM, PS, PE, PP, eða PAN.

7.3 Sértek, endanleg notkun

Sjá 1. lið.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1 Takmörkunarfærubreytur

8.1.1 Viðmunarmörk

Engin mengunarmörk hafa verið skilgreind fyrir efnið eða innihaldsefni þess.
Framleiðandi hefur skilgreint mengunarmörk fyrir eftirfarandi innihaldsefni:

Efni	Meðalgildi ppm	Meðalgildi mg/m ³	Þakgildi ppm	Þakgildi mg/m ³
Vetniskolefni, C10, arómatískt, >1% naftalen	17	100	-	-
Vetniskolefni, C10-C13, arómatískt, >1% naftalen	8	50	-	-

8.1.2 Upplýsingar um ráðlagðar vöktunaraðferðir

Inniheldur engin efni sem skylt er að tilkynna.

8.1.3 Upplýsingar um ráðlagðar vöktunaraðferðir

Viðmiðunarmörk fyrir naftalen:

4 µmol/mol (Sýni: kreatín í þvagi, mælt í lok vaktar, ákvörðunarþáttur: 1-hýdroxýþýren).

8.1.4 Afleidd áhrifaleysismörk (DNEL-gildi) og styrkur þar sem engin áhrif eru fyrirjáanleg (PNEC-gildi)**DNEL-gildi****Starfsfólk****Vetniskolefni, C10, arómatískt, >1% naftalen**

Gegnum húð: 12,5 mg/kg - líkamsþyngd/dag (bráð-/ skammtímaáhrif - kerfistengd áhrif)
 Innöndun: 150 mg/m³ (bráð-/ skammtímaáhrif - kerfistengd áhrif)

Vetniskolefni, C10-C13, arómatískt, >1% naftalen

Gegnum húð: 12,5 mg/kg - líkamsþyngd/dag (bráð-/ skammtímaáhrif - kerfistengd áhrif)
 Innöndun: 151 mg/m³ (bráð-/ skammtímaáhrif - kerfistengd áhrif)

C.I. Solvent Yellow 124

Gegnum húð: 0,1 mg/kg - líkamsþyngd/dag (Langtímaáhrif)
 Innöndun: 0,353 mg/m³ (Langtímaáhrif)

Almenningur**Vetniskolefni, C10, arómatískt, >1% naftalen**

Gegnum húð: 7,5 mg/kg - líkamsþyngd/dag (bráð-/ skammtímaáhrif - kerfistengd áhrif)
 Innöndun: 32 mg/m³ (bráð-/ skammtímaáhrif - kerfistengd áhrif)
 Inntaka: 7,5 mg/kg - líkamsþyngd/dag (bráð-/ skammtímaáhrif - kerfistengd áhrif)

Vetniskolefni, C10-C13, arómatískt, >1% naftalen

Gegnum húð: 7,5 mg/kg - líkamsþyngd/dag (bráð-/ skammtímaáhrif - kerfistengd áhrif)
 Innöndun: 32 mg/m³ (bráð-/ skammtímaáhrif - kerfistengd áhrif)
 Inntaka: 7,5 mg/kg - líkamsþyngd/dag (bráð-/ skammtímaáhrif - kerfistengd áhrif)

C.I. Solvent Yellow 124

Gegnum húð: 0,05 mg/kg - líkamsþyngd/dag (Langtímaáhrif)
 Innöndun: 0,087 mg/m³ (Langtímaáhrif)
 Inntaka: 0,05 mg/kg - líkamsþyngd/dag (Langtímaáhrif)

PNEC-gildi**C.I. Solvent Yellow 124**

Vatn (ferskvatn): 0,003 mg/L
 Vatn (sjór): 0,0003 mg/L
 Vatn (ósamfelld losun): 0,03 mg/L
 Skólpstöð: 0,0003 mg/L
 Set: 9,6914 mg/kg set þurrvikt
 Jarðvegur: 2,6789 mg/kg jarðvegs þurrvikt
 Inntaka (fylgjeitrun): 2 mg/kg matvæli

8.2 Váhrifavarnir**Tæknilegar ráðstafanir:**

Tryggið góða loftræstingu annað hvort með staðbundnu útsogi eða almennri loftræstingu.

Persónuhlífar:**Til hlífðar öndunarfærum:**

Sé loftræsting ekki nægjanleg skal nota viðurkennda öndunargrímu með síu af gerð A eða ferskloftsgrímu. Öndunargrímur þurfa að uppfylla ÍST EN 136/140/143/145/149/405.

Til hlífðar höndum:

Nota skal viðurkennda háa hlífðarhanska úr nítílgúmmi sem uppfylla ÍST EN 374 og 420 við snerting í lengri tíma.

Hanskar skulu vera viðurkenndir af framleiðanda. Endurnýið hanskana oft!

Valið byggir á bestu þekkingu og upplýsingum um innihaldsefni og upplýsingum framleiðanda hlífðarhanska.

Til hlífðar augum:

Sé hætta á slettum skal nota þétt hlífðargleraugu með hliðarvörn sem uppfylla ÍST EN 166.

Til hlífðar húð:

Notið viðurkenndan hlífðarfatnað.

Hlífðarfatnað skal velja með hliðsjón af notkun efnisins og hættum þess samfara.

Hreinlætisráðstafanir:

Almennar hollustustarfsvenjur á vinnustað.

Neytið hvorki matar né drykkjar meðan á notkun stendur. Reykingar bannaðar.

Þvoið hendur fyrir vinnuhlé og í lok vinnudags.

Farið eftir áætlun um húðvernd. Þvoið menguð föt áður en þau eru notuð aftur.

Váhrifavarnir vegna umhverfis**Almenn ráðgjöf:**

Sjá 6., 7., 12. og 13. lið.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um eðlisefnafræðilega grundvallaeiginleika

Útlit:	Vökvi
Litur:	Grænn
Lykt:	Einkennandi (arómatískt vetniskolefni)
Bræðslumark:	<-20°C
Suðumark:	185-295°C
Blossamark:	>62°C
Sjálftendrun:	>380°C
Sprengimörk:	
Neðri sprengimörk (LEL):	0,6%
Efri sprengimörk (UEL):	7,0%
Uppgufunarhraði	0,05 (Vetniskolefni, C10, arómatískt, >1% naftalen)
Eðlisþyngd við 15°C:	0,92 kg/dm ³
Seigja við 20°C:	7 cPs
Seigja við 40°C:	5 cPs
Leysanleiki:	
Vatn:	Óleysanlegt

9.2 Aðrar upplýsingar

Engar svo vitað sé til.

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1 Hvarfgirni

Stöðugt við tilætlaða notkun og réttar geymsluaðstæður.

10.2 Efnafræðilegur stöðuleiki

Stöðugt við tilætlaða notkun og réttar geymsluaðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi

Engin efni sem skal varast eru þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast

Opin eldur og aðrir íkveikjuvaldar.

10.5 Ósamrýmanleg efni

Sterkir oxunarmiðlar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni

Efnið brotnar ekki niður við andrúmsloftshita.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Bráð eituráhrif innihaldsefna:

Vetniskolefni, C10, arómatískt, >1% naftalen:

LD50	Inntaka, rotta: >5000 mg/kg.
LD50	Gegnum húð, kanína: >2000 mg/kg
LC50	Innöndun í 4 klst., rotta: >4500 mg/m ³

Vetniskolefni, C10-C13, arómatískt, >1% naftalen:

LD50	Inntaka, rotta: >5000 mg/kg.
LD50	Gegnum húð, kanína: >2000 mg/kg
LC50	Innöndun í 4 klst., rotta: >4500 mg/m ³

C.I. Solvent Blue 79:

LD50	Inntaka, rotta: >6400 mg/kg.
LD50	Gegnum húð, kanína: >2000 mg/kg
LC50	Innöndun í 4 klst., rotta: >4000 mg/m ³

C.I. Solvent Yellow 124:

LD50	Inntaka, rotta: 300-2000 mg/kg
LD50	Gegnum húð, rotta: >2000 mg/kg

Húðæting/húðerting

Vetniskolefni, C10, arómatískt, >1% naftalen og vetniskolefni, C10-C13, arómatískt, >1% naftalen :
Getur affitað húð og valdið þurri og sprunginni húð við síendurtekna og langvarandi snertingu.

Næming öndunarfæra eða húðnæming

C.I. Solvent Yellow 124:

Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð.

Krabbameinsvaldandi áhrifVetniskolefni, C10, arómatískt, >1% naftalen og vetniskolefni, C10-C13, arómatískt, >1% naftalen :
Grunað um að valda krabbameini.**Sértæk eiturhrif á marklíffæri - váhrif í eitt skipti**Vetniskolefni, C10, arómatískt, >1% naftalen og vetniskolefni, C10-C13, arómatískt, >1% naftalen :
Getur valdið sljóleika og svima.**Sértæk eiturhrif á marklíffæri - endurtekin váhrif**

C.I. Solvent Yellow 124:

Getur valdið skemmdum á líffærum við síendurtekna og langvarandi áverkun.

ÁsvelgingarhættaVetniskolefni, C10, arómatískt, >1% naftalen og vetniskolefni, C10-C13, arómatískt, >1% naftalen :
Hætta á kemískri lungnabólgu við inntöku eða uppköst.
Hættulegt við inntöku ef efnið kemst í öndunarveg.
Hætta á kemískri lungnabólgu við inntöku eða uppköst.**Frekari upplýsingar:**

Einkenni of mikils áverka af völdum lífrænna leysiefna er erting í augum og öndunarfærum, höfuðverkur og sljóleiki, og haft áhrif á miðtaugakerfi.

Síendurtekin eða langvarandi snerting við húð getur affita og valdið ertingu og bólgu í húð.

Þetta efni inniheldur naftalen sem getur í miklu magni eyðilaggt rauð blóðkorn og valdið slímhúðaproti.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Varan inniheldur efni sem eru eitruð vatnalífverum og geta haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

12.1 Eiturhrif**Bráð eituráhrif í vatni:****Vetniskolefni, C10, arómatískt, >1% naftalen:**

Fiskur	LC50 (96 klst.): 2,0 - 5,0 mg/L (Oncorhynchus mykiss)
Halafló	EC50 (48 klst.): 1 - 10 mg/L (Daphnia magna)
Þörungar	EC50 (72 klst.): 4 - 11 mg/L (Pseudokirchneriella Subcapitata)
Baktería	EC50 (48 klst.): 0,473 mg/L (Tetrahymena pyriformis)

Vetniskolefni, C10-C13, arómatískt, >1% naftalen:

Fiskur	LC50 (96 klst.): 2,0 - 5,0 mg/L (Oncorhynchus mykiss)
Halafló	EC50 (48 klst.): 1 - 10 mg/L (Daphnia magna)
Þörungar	EC50 (72 klst.): 4 - 11 mg/L (Pseudokirchneriella Subcapitata)
Baktería	EC50 (48 klst.): 0,473 mg/L (Tetrahymena pyriformis)

C.I. Solvent Blue 79:

Halafló	EC50 (48 klst.): >100 mg/L (Daphnia magna)
---------	--

C.I. Solvent Yellow 124:

Fiskur	LC50 (96 klst.): 140 mg/L (Poecilia reticulata)
Halafló	EC50 (48 klst.): >100 mg/L (Daphnia magna)
Þörungar	EC50 (72 klst.): 094 mg/L (Desmodesmus subspicatus)
Baktería	EC50 (3 klst.): >1000 mg/L

Langvinn eituráhrif í vatni:**Vetniskolefni, C10, arómatískt, >1% naftalen:**

Fiskur	28dNOELR: 0,103 mg/L
Halafló	21dNOELR: 0,180 mg/L (Daphnia magna)

Vetniskolefni, C10-C13, arómatískt, >1% naftalen:

Fiskur	28dNOELR: 0,103 mg/L
Halafló	21dNOELR: 0,180 mg/L (Daphnia magna)

12.2 Þrávirgni og niðurbrjótanleikiVetniskolefni, C10, arómatískt, >1% naftalen og vetniskolefni, C10-C13, arómatískt, >1% naftalen :
Efnið er auð lífniðurbrjótanlegt. Lífniðurbrot í vatni (57-61%): 28 dagar.

C.I. Solvent Yellow 124: Efnið er torr lífniðurbrjótanlegt. Lífniðurbrot í vatni (<10%): 28 dagar.

12.3 Uppsöfnun í lífverum

C.I. Solvent Yellow 124: Log Pow: 6,06 - 7,12.

12.4 Hreyfanleiki í jarðvegi

C.I. Solvent Yellow 124: Ásogsstull fyrir lífrænt kolefni Koc:

$\log = 4,651 \pm 1,168$ (pH=6,5. 25°C).

$\log > 5$ ($5,510 \pm 1,591$ (pH=6,5. 25°C).

12.5 Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

Blandan inniheldur engin efni sem gætu verið þrávirk, eitruð né safnast upp í lífverum (PBT/vPvB).

12.6 Önnur skaðleg áhrif

Engar upplýsingar liggja fyrir.

13. FÖRGUN**13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs****Förgun efnis/efnisleifa:**

Farga skal efninu og leifum þess skv. gildandi lögum og reglum.

Koma skal efninu til endurvinnslu/spilliefnamóttöku ef þess er kostur.

Förgun umbúða undan efninu:

Farga skal umbúðum undan efninu skv. gildandi lögum og reglum.

Tæmið umbúðir vel áður en þeim er skilað til förgunar/endurvinnslu.

Hvorki brennið, gatið, skerið né beyglið umbúðir sem ekki hafa verið tæmdar fyllilega.

Umbúðum, sem ekki er hægt að tæma eða hreinsa á fullnægjandi hátt, skal fargað á sama hátt og efninu.

14. UPPLÝSINGAR UM FLUTNINGA**Vegflutningar ADR/RID:**

14.1 UN-númer: 3082

14.2 Rétt UN-sendingaheiti: ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, LIQUID, N.O.S.
(Naphthalene Solution)

14.3 Hættuflokkur: 9

14.4 Pökkunarflokkur: III

14.5 Umhverfishættur: Já

Hættunúmer: 90

Flokkur: 9 (M6) Önnur hættuleg efni

**Sjóflutningar IMO/IMDG:**

14.1 UN-númer: 3082

14.2 Rétt UN-sendingaheiti: ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, LIQUID, N.O.S.
(Naphthalene Solution)

14.3 Hættuflokkur: 9

14.4 Pökkunarflokkur: III

14.5 Umhverfishættur: Mengar haf

EMS-númer: F-A, S-F

**Flugfrakt ICAO/IATA:**

14.1 UN-númer: 3082

14.2 Rétt UN-sendingaheiti: ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, LIQUID, N.O.S.
(Naphthalene Solution)

14.3 Hættuflokkur: 9

14.4 Pökkunarflokkur: III

14.6 Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda

Engar.

14.7 Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78 og IBC-kóðanum

Ekki flokkað skv. II. viðauka.

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK**15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis**

Evrópureglugerðir

Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir (REACH).

15.2 Efnaöryggismat

Efnaöryggismat hefur verið framkvæmt fyrir eftirfarandi innihaldsefni:

Vetniskolefni, C10, arómatískt, >1% naftalen og vetniskolefni, C10-C13, arómatískt, >1% naftalen.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Skýringar á skammtöfunum:

- DNEL - Afleidd áhrifaleysismörk
- PNEC - Styrkur þar sem engin áhrif eru fyrir sjáanleg
- PBT - Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð
- vPvB - Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í líverum í miklu magni
- LC50 - Banvænn styrkur, 50%
- LD50 - Banvænn skammtur, 50%

Hættusetningar, skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum:

- | | |
|-------|--|
| 22 | Hættulegt við inntöku. |
| 40 | Getur hugsanlega valdið krabbameini. |
| 43 | Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð. |
| 48/22 | Hættulegt: hætta á alvarlegu heilsutjóni við inntöku við langvarandi notkun. |
| 50/53 | Mjög eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni. |
| 51/53 | Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni. |
| 65 | Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku. |
| 66 | Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð. |
| 67 | Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima. |

Hættusetningar, skv. reglugerð nr. 866/2012:

- | | |
|---------|--|
| H302 | Hættulegt við inntöku. |
| H304 | Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg. |
| H317 | Getur framkallað ofnæmisviðbrögð í húð. |
| H336 | Getur valdið sljóleika eða svima. |
| H351 | Grunað um að valda krabbameini. |
| H373 | Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif. |
| H410 | Mjög eitrað lífi í vatni með langvinnnum áhrifum. |
| H411 | Eitrað lífi í vatni með langvinnnum áhrifum. |
| H413 | Getur haft langvinn, skaðleg áhrif á líf í vatni. |
| EUH 066 | Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð. |

Útgáfa: 1.

Dags.: 26.11.2014

Öryggisleiðbeiningar þessar eru unnar af Mannviti (FI).

Öryggisleiðbeiningar þessar eru byggðar á okkar bestu þekkingu ásamt upplýsingum frá framleiðanda og eru unnar í samræmi við gildandi reglugerðir. Öryggisleiðbeiningarnar eiga einungis við um vöruna eins og hún kemur frá söluaðila. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni.

Frumheimild: SUDAN DK-GP100X

Útgefandi: John Hogg Technical Solutions

Útgáfa: 6. / ágúst 2014